

Alþingi
Erindi nr. Þ 127/770
komudagur 19. 2. 2002

Akureyri 18. febrúar 2002

Nefndasvið Alþingis
Landbúnaðarnefnd
B/t Einar Farestveit
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Efni; Athugasemdir við frumvarp til laga um búfjárhald og fleira, 338. mál.

Undirritaðir starfsmenn Búnaðarsambands Eyjafjarðar gera hér með eftirfarandi athugasemdir:

Um 8. gr.

Gerð er athugasemd við það að Búnaðarsamband skuli veita umsögn um vörslulínur, eðlilegt er að sveitarstjórn veiti slíka umsögn og má í því sambandi benda á reglugerð um girðingar með vegum nr 325/1995 þar sem sveitarstjórn skal votta um viðhald og þar með vörslugildi girðinga með vegum. Einnig verður dagsetning vottunar að teljast vafasöm þar sem að girðingar eru í mörgum árum í sumum landshlutum enn undir snjó 15. maí.

Um 10. gr.

Tekið er undir sérálit Gunnars Sæmundssonar í Hrútatungu.

Um 11. gr.

Lagt er til að búfjárefirlitsmenn fari áfram í haustskoðun til allra búfjáreigenda, en þá sérstaklega til eftirlits með fóðrun og aðbúnaði. Áður en sú ferð fer fram ættu umráðamenn búfjár að vera búnir að senda inn eyðublöð fyrir tölur um búfé og fóðurforða. Hafi það ekki verið gert er þá hægt að sækja þau og yfirfara í leiðinni. Þar með fer minni tími í talnasöfnun en meiri í gagnvirkt eftirlit sem að okkar mati er afar nauðsynlegt.

Um 12. gr.

Tekið er undir sérálit Gunnars Sæmundssonar í Hrútatungu. Teljum við mikilvægan lið í eftirliti vegna gæðastýringar að allir búfjáreigendur séu heimsóttir af búfjárefirliti.

Virðingarfyllt

María Svanprúður Jónsdóttir

Ólafur G. Vagnsson